



Stjórnarfundur AKÍS -

Staður og tími: Google Hangouts - 20.3.2018 kl. 18:00

Mætt:

Torfi Arnarson (TA), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Arnar Már Pálmarsson (AMP)

Fjarverandi:

Ragnar Róbertsson (RR), Garðar Gunnarsson (GG), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Ákveðið að hafa sömu hlutverkaskipan og á síðasta ári. Ragnar Róbertsson varaformaður, Jón Bjarni Jónsson gjaldkeri, Helga Katrín Stefánsdóttir ritari.

2. Reglugerð um keppnisráð

Samþykkt að senda tillögu til umsagnar hjá klúbbunum svo hægt sé að gefa hana út eftir næsta stjórnarfund.

3. Skyndihjálparnámskeið

Ákveðið að ræða við Rauða krossinn og kanna möguleika á sérstökum námskeiðum fyrir AKÍS. Þetta væri Skyndihjálparnámskeið I. Hugsanlega tvö námskeið í Reykjavík, eitt á Akureyri og eitt á Egilsstöðum.

4. Reglur í rally

TA kynnti orðalagsbreytingar á keppnisreglum í rally. Hann sendir skjal með fyrirhuguðum breytingum á stjórn til yfirlestrar.

5. Persónuverndaryfirlýsing fyrir heimasíðu

Rétt er talið að AKÍS hafi sérstaka yfirlýsingu þar sem eru upplýsingar um hvaða persónugreinanlegu upplýsingum verið er að safna.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að ræða við ÍSÍ um nánari útfærslu yfirlýsingarinnar.

6. Önnur mál

a. FIA & Playseat :

Ákveðið að óska eftir upplýsingum um kostnað og hvort hægt er að kaupa þetta í minni einingum. Í framhaldinu væri hægt að senda þetta á aðildarfélög AKÍS og athuga hvort þau vilji kaupa svona sæti.



7. Næsti fundur

Samkvæmt venju ætti næsti fundur að vera þriðjudaginn 3. apríl 2018 og vera raunfundur. Samþykkt að þar sem 3. apríl er fyrsti vinnudagur eftir páska verði hann 10. apríl 2018 kl 17:15 á skrifstofu AKÍ. Notast verður við fjarfundabúnað, þó kannski ekki eins og stefnt er að að koma upp.